

Umsögn Bolla Héðinssonar um 37. mál, þingsályktunartillaga, 151. lögjafarþings; tímabinding veiðiheimilda til 20 ára o.fl.

17. nóvember 2020.

Allt frá upphafi kvótakerfisins á fyrri hluta níunda áratugarins og svo heimildarinnar til framsals kvóta í byrjun þess tíunda hefur ríkt ófriður um sjávarútveginn, ófriður milli þeirra fáu sem telja sig „eiga“ fiskveiðiauðlindina og aðganginn að henni og hinna sem ekki fá notið afraksturs þessarar þjóðareignar. Þessi staða er vægast sagt óheppileg fyrir samfélagið en fyrst og fremst óheppileg fyrir sjávarútveginn sem atvinnugrein sem þannig telur sig vera í stöðugri varnarbaráttu.

Leitað hefur verið leiða til að láta sjávarútveginn greiða sanngjamt gjald fyrir afnotin sem hann hefur af auðlind þjóðarinnar en því miður var farin sú leið að reikna út frá afkomutölum sjávarútvegsfyrirtækja til að finna hvert gjaldið ætti að vera, leið sem kallar á deilur um hvert sé hið rétta afgjald og aðferðir sem eru vægast sagt umdeilanlegar.

Úthlutun takmarkaðra „gæða“

Þetta er sígilt viðfangsefni þar sem tekist er á við spurninguna um hvernig heppilegast sé að úthluta takmörkuðum gæðum en fiskveiðiauðlindin telst vera takmörkuð gæði, á meðan öllum Íslendingum er ekki heimilt að veiða að vild úr fiskistofnunum við Ísland, þá flokkast þeir sem „takmörkuð gæði“ í skilningi hagfræðinnar.

Viðfangsefni úthlutunar takmarkaðra gæða er orðin ein af þeim greinum hagfræðinnar sem hafa vaxið hraðast á umliðnum árum. Nóbelsverðlaunahafarnir í hagfræði 2020 hafa einmitt hannað kerfi til að takast á við úthlutun opinberra verðmæta („takmarkaðra gæða“) með útboðum þannig að fyllsta réttlætis og hagkvæmnissjónarmiða sé gætt. Hugmyndin að baki er vel þekkt, leitað er tilboða í „gæðin“ til að finna raunveruleg verðmæti þeirra og þau síðan leigð út við því verði til velflestra þeirra sem tóku þátt í útboðinu. Þannig má sem hægst hanna útboð með þeim hætti að gætt sé byggðasjónarmiða og það sem mest er um vert, útboðin geta auðveldað nýliðun í atvinnugreininni.

Auðvelt er að klúðra útboði aflaheimilda líkt og útboðum á fjarskiptarásum og öðrum takmörkuðum gæðum enda hefur það gerst víða þar sem það hefur verið reynt. Því skiptir miklu máli að vel sé staðið að slíku útboði í upphafi og því nefndir hér til sögunnar tveir Nóbelsverðlaunahafar sem hafa sérhæft sig í viðfangsefninu. Þannig er ljóst að ef umsjón með útboði aflaheimilda er t.d. falin ráðherra sem er því andsnúinn þá er verr af stað farið en heima setið.

Kvótakerfið var algjör nýlunda; Íslendingar ruddu brautina

Þegar kvótakerfinu var komið á á Íslandi hafði það hvergi verið gert áður í jafn viðtækum mæli og hér á landi. Kvótakerfið sem slíkt hefur í stórum dráttum tekist vel og þróast á skynsaman máta en öðru máli gegnir um framsal aflaheimildanna í eigu þjóðarinnar sem enn veldur ósætti og ófriði um atvinnugreinina á meðan ásættanleg lausn um greiðslu afgangss til þjóðarinnar er ekki fundin. Með útboðum myndu Íslendingar ryðja brautina í fiskveiðistjórnunarmálum líkt og þeir gerðu áður með innleiðingu kvótakerfisins.

Sú hugmynd sem býr að baki frumvarpi Viðreisnar fer afar hægt í sakirnar þar sem aðeins er gert ráð fyrir að bjóða árlega út 5% kvótans sem þýðir að á hverju ári halda núverandi útgerðir eftir 95% þeirrar aflahlutdeildar sem þeir höfðu árið áður. Því aðeins að þær vilji halda óskertri aflahlutdeild taka þær þátt í árlegum útboðum. Stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eru nú komin fram yfir hámark leyfilegs aflamarks tengdra aðila svo útboð af þessu tagi auðveldar þeim á nokkrum árum að fara undir það hámark sem lög leyfa.

Því er fyllst ástæða til að taka undir frumvarp Viðreisnar um útboð á kvótum.

Að endingu læt ég fylgja með tvær dæmisögur sem eru vel til þess fallnar að skýra betur það málefni sem hér til umfjöllunar.

Virðingarfyllt,

Bolli Héðinsson, hagfræðingur

bolli@ru.is

fs.825-6454

I.

Tilbúin frásögn sem skýrir hvers vegna auðlindagjald er ekki skattur heldur gjald fyrir afnot.

Í kjölfar hrunsins þurfti kunningjafólk mitt að flytja til Noregs til að þreifa fyrir sér með vinnu. Skömmu áður höfðu þau keypt sér fjögurra herbergja íbúð í Seljahverfi, sem þau báðu mig að sjá um útleigu á, á meðan þau væru í Noregi. Ég leigði íbúðina þrýðis manni sem bauð af sér góðan þokka og hann greiddi fúslega uppsetta leigu sem ég ákvað að hafa í lægri kantinum af því mér leist vel á manninn. Upp á síðkastið er hann hins vegar farinn að tala um hvort ég vilji ekki lækka við hann leiguna. Ég óttast að hann sé farinn að halla sér að flöskunni, allavega hefur hann minni auraráð og þess vegna finnst honum hann eigi alls ekki að þurfa að borga jafn mikið og áður.

Heimtar lækkaða leigu

Ég hef bent honum á að þar sem hann er einn í heimili ætti honum að nægja þriggja herbergja íbúð enda virðist greiðslugeta hans alveg ráða við það. Hann má ekki heyra á það minnst heldur krefur hann mig núna um að fá samning um íbúðina til 20 ára og hann væri e.t.v. reiðubúinn að greiða mér hærri leigu einhverntíma síðar ef úr málum rætist hjá honum. Svo bendir hann á eitthvað sem hann telur vera óljós ákvæði í upphaflega leigusamningnum, sem gæti hugsanlega kveðið á um að í raun og veru eigi hann íbúð vinnufólks mín í Noregi, en ekki þau!

Nægir aðrir sem vilja leigja

Þetta er allt frekar erfitt fyrir mig þar sem ég veit af barnmörgum fjölskyldum sem mundu gjarnan vilja borga þá leigu, sem núverandi leigjandi er að greiða og meira til, ef ég aðeins losnaði við hann úr húsnæðinu. Á ég að lækka verðið á húsnæðinu, bara af því að hann vill ekki borga meira? Leigjandinn er farinn að minna mig óþyrmilega mikið á „freka kallinn“ sem Jón Gnarr hefur gert svo ágæt skil.

Gildir ekki sama um sjávarútveginn?

Dæmisagan hér að ofan getur gilt um samskipti þjóðarinnar (eigenda íbúðarinnar) og þeirra sem nú eru kvótahafar íslensku fiskimiðanna (leigjandinn) en þeir vilja láta leiguna ráðast af því hvernig stendur á hjá þeim hverju sinni! Úti um allt land eru fiskverkendur og kvótalausar útgerðir sem bíða í röðum eftir að fá að bjóða í kvótann á jafnréttisgrundvelli. Hversvegna á þjóðin (eigandi fiskimiðanna) að sætta sig við að leigan á kvóta ráðist bara af greiðslugetu þeirra útgerðarmanna sem nú róa til fiskjar, en ekki því hvaða leigu væri hægt að fá, ef kvótinn væri boðinn til leigu á almennum markaði?

II.

Tilbúin frásögun sem skýrir hversu hæpið það er að byggja veiðigjald á einhverju sem kallast „afkomutölur sjávarútvegsins“ því þær má finna með ýmsu móti.

Ég hitti fyrir skemmstu kunningja minn, útgerðarmann, og spurði hann hvernig útgerðin gengi. „Aldrei betur“ svaraði hann „ég sé ekki fram á að þurfa að greiða eina einustu krónu í veiðigjöld.“ Ég hváði en hann skýrði þetta út fyrir mér mér. „Þetta verður einfalt. Gamli Range Roverinn minn er orðinn þriggja ára og auðvitað mun útgerðin sjá mér fyrir nýjum bíl. Þeir fást á 14 milljónir en það er ekki eðlilegt að útgerðarmaður þurfi að sætta sig við ódýrustu gerð. Svo er alltaf eitthvað sem ég get tínt til í kostnað, utanlandsferðir og viðhald á húsinu og sumarhúsinu svo þegar upp er staðið þá verður ekkert eftir til að borga í veiðigjöld.

Vinstri grænir voru svo assgoti herskáir fyrir síðustu kosningar og við vorum aðeins smeykir, en það var ekkert að marka, þú manst strax í vor vildu þeir allt fyrir okkur gera. En þá kom eitthvað hagfræðingastóð úr háskólanum sem skaut þeim skelk í bringu en það var síst verra að bíða.

"Látum út landsbyggðarspilið"

Ef þetta hefði orðið eitthvað vandamál með veiðigjöldin þá eigum við alltaf tromp uppi í erminni og „látum út landsbyggðarspilið“ eins og við útgerðarmenn köllum það. Þá finnum við einhvern útgerðarmann sem er með allt niður um sig og segjum „hvað, ætlið þið að leggja af plássið?“ Og það er segin saga enginn framsóknarflokkanna stenst svoleiðis og skiptir þá engu öll hin plássin sem við höfum lagt í eyði þegar við höfum selt hver öðrum kvótann, það skiptir framsóknarflokkana engu.“

„En hvað segja endurskoðendurnir, ert þú ekki með eitt af þessum fyrirtækjum með finu útlendu nöfnin sem endurskoðar fyrir þig?“ spurði ég. „Jú blessaður, þeir segja ekki múkk og telja þetta alltsaman útgerðarkostnað. Þú manst hvað þeir voru þægir við bankana fyrir hrun. Þeir sögðu að allt væri í himnalagi í bönkunum alveg fram á síðasta dag. Þeir eru ekkert að spá í þetta og gera bara eins og ég segi.“

[http://www.visir.is/g/2019190109113/ad-sleppa-vid-veidigjold-
?fbclid=IwAR3SiYQw7svnlAfcSaUK51MoKR1TYHaeNilchux3mKnviSLHVW5L9ERWKFU](http://www.visir.is/g/2019190109113/ad-sleppa-vid-veidigjold-?fbclid=IwAR3SiYQw7svnlAfcSaUK51MoKR1TYHaeNilchux3mKnviSLHVW5L9ERWKFU)

Umsögn um tillögu til þingsályktunar. (37.mál)

Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda hafa í áraraddir hvatt til þess að samkeppnisstaða fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi sé tryggð. Meginástæða þess er sú að samtökin hafa talið að svo sé ekki og hefur í þeim efnum ítrekað verið vísað til álita Samkeppniseftirlitsins. Til að mynda álit 2/2012.

Samtökin telja jafnframt að þjóðarafkomu megi stórauka með því að tryggja samkeppni á þeim mörkuðum sem tengjast sjávarútvegi. Markaðsbrestir s.s. fákeppni, undirverðlagning og lítill möguleiki á nýliðun, eru áberandi og að þeim ætti að huga betur að en nú er gert.

Markaðir sem í dag tengjast sjávarútvegi hér innanlands eru að lágmarki 3. Markaðir með hlutdeild veiðiheimilda, markaðir með aflamark veiðiheimilda og markaðir með hráefnið fisk.

Markaðir þessir gegna lykilhlutverki í því að hámarka afkomu þjóðarinnar af sjávarútvegsauðlindinni. Lykilatriði í þeim efnum er að tryggt sé að markaðsvirði sé náð, öll skekkja á framboðs og eftirspurnar hliðunum getur leitt af sér rangt virði. Þegar talað er um virði er þannig átt við virði auðlindarinnar er viðskipti eiga sér stað á markaði með hlutdeild, aflamark og hráefni. Öll skekkja á þessum mörkuðum getur leitt það af sér að þjóðin verði af stórkostlegum ábata af sjávarútvegsauðlindinni.

Að þessu sögðu eru Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda hlynnt öllum leiðum sem farnar eru í þá átt að tryggja samkeppnisforsendur á ofantöldum mörkuðum. Afstaða er hér ekki tekin til útfærslu en því ítrekað lýst yfir að samkeppni verði að tryggja.

Bent skal á eftirfarandi til stuðnings þess að ofanefndir markaðir eru ekki virkir samkeppnismarkaðir:

- Hvorki aflamark né aflahlutdeild eru seld á opinberu gegnsæu uppboði.
- Verulegar takmarkanir eru á aðgengi aðila að þessum mörkuðum, má þar vísa í umrætt álit Samkeppniseftirlitsins 2/2012 þar sem eftirlitið bendir á að óeðlilegt geti talist að einungis útgerðarmenn en ekki fiskvinnslur geti átt viðskipti með aflaheimildir.
- Tvöföld verðmyndunarkerfi er í landinu með hráefnið fisk. Þeim aðilum sem ekki selja á fiskmarkaði er tryggt að lágmarki 20% lægri launakostnaður heldur en þeim sem selja á Fiskmörkuðum. Þetta atriði eitt og sér tryggir að samkeppnisstaða er skökk og leiðir ekki til markaðsvirðis með hráefnið fisk.
- Lóðrétt samþætt fyrirtæki eru allsráðandi í íslenskum sjávarútvegi. Innri verðlagning þeirra er bein ógnun við það markmið laga um stjórn fiskveiða „að tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu“. Sem og við lög um kjarasamninga sjómanna sem segja að útgerðarmanni beri að selja gegn hæsta verði.

Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda undra sig á því að stjórnvöld hafi ekki hugað betur að þeim þáttum sem hér að ofan hafa verið nefndir. Fullyrðum við jafnframt að auka megi afkomu af sjávarútvegi okkar með því að tryggja samkeppnisforsendur. Tökum við jafnframt undir með framkominni tillögu til þingsályktunar þar sem segir að með meðfylgjandi breytingum verði veiðigjald óþarft.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Samtaka Fiskframleiðenda og Útflytjenda.

Arnar Atlason Formaður

útgerða

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl., 37.mál.

Samtök smærri útgerða telja í fyrsta lagi augljóst að þessi þingsályktunartillaga er sett fram í byrjun kosningavetrar af flutningsmönnum hennar til að slá sér upp á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi er þarna talað um að tilgangurinn sé að minnka óvissuna sem fylgi kvótakerfinu en ef eitthvað eykur óvissuna þá er það svona pólitískt sprik.

Í þriðja lagi er hér enn og aftur verið að færa verðmæti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en málið er fært í þann skrautbúning að verðmætin fari í sjóð sem sama landsbyggð geti svo betlað úr (með tilheyrandi kostnaði og vinnu). Hver skyldi kostnaðurinn verða við umsýslu slíks sjóðs og hvar verður hann eftir?

Í fjórða lagi má nefna að upptaka og uppboð aflaheimilda leiðir óhjákvæmilega til frekari samþjöppunar aflaheimilda þar sem þeir stærstu hafa bolmagnið til að bjóða í aflaheimildirnar en einyrkjarnir ekki og þar sem flest fyrirtæki í útgerð á landsbyggðinni eru tiltölulega lítil fjölskyldufyrirtæki má sannarlega segja að þessi þingsályktunartillaga sé aðför að landsbyggðinni. Þveröfugt við það sem fullyrt er í greinargerðinni.

Þar af leiðandi lýsa Samtök smærri útgerða yfir eindreginni andstöðu við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinson
formaður

Borkell Helgason, dr., fv. prófessor
Strönd, Álfanesi

München, 19. nóvember 2020.

Til atvinnuveganefndar Alþingis.

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl., 37. mál. á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Ég vil lýsa yfir stuðningi við markmið þessarar þingsályktunartillögu enda hef ég í meira en þrjá áratugi talað fyrir því fyrirkomulagi sem þar er lagt til. T.d. ritaði ég um þetta í Morgunblaðið 4. nóv. 1987, sjá <http://thorkellhelgason.is/?p=2254>.

Með fyrningar- og uppboðsleiðinni má komast hjá endalausum deilum um pólitískt ákvarðað veiðigjald. Ég álít að slíkt fyrirkomulag ætti að geta styrkt og fest í sessi það góða fiskveiðistjórnunarkerfi sem við búum við og hefur löngu sannað gildi sitt.

Ég leyfi mér þó að benda á, hér á eftir, að ég tel æskilegra og einfaldara að fyrning aflahlutdeilda byggji á hlutfallslegum fyrningum með 8% fyrningarhlutfalli í stað línulegra fyrninga með 5% hlutfalli eins og í tillögunni.

Máli mínu til stuðnings vísa ég til greinargerðar eftir Jón Steinsson, próf. í hagfræði, og sjálfan mig um efnið, fyrningarleiðina, en hún var upphaflega samin sumarið 2010 fyrir *Starfshóp um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða* sem þáverandi ríkistjórn setti á laggimar. Ég bendi nú á endurskoðaða gerð greinargerðinnar, sjá <http://thorkellhelgason.is/?p=2555>, en endurskoðunin er þó alfarið á mína ábyrgð.

Í þingsályktunartillögunni er, eins og vera ber, lagt til að veiðigjald verði fellt niður við upptöku fyrninga. Í kafla greinargerðarinnar fyrrnefndu undir heitinu *Óvissu eytt, tryggari framtíð*, sem hefst á bls. 12, er sérstaklega fjallað um þetta atriði og leiddar talnalegar líkur að því að ávinningur útgerðar af traustara kerfi samhliða niðurfellingu veiðigjalds geti að fullu vegið upp á móti kostnaði hennar við að þurfa að afla sér aflheimilda á móti þeim fyrndu.


Fyrningarleiðin í þingsályktunartillögunni byggir á *línulegri fyrningu*, því að sérhver aflahlutdeild rýrni um 5% af upphaflegu magni hennar, hvort sem það er magnið við upptöku fyrningarleiðarinnar eða þegar hlutdeildin er keypt á síðari stigum. Í þingsályktunartillögunni er eðlilega gengið út frá því að aflahlutdeildir séu framseljanlegar, eins og verið hefur. Við línulega 5% fyrningu væru þá 20 gerðir aflahlutdeilda í boði á almennum markaði allt eftir því hve mörg ár væru eftir af gildistíma þeirra. Þetta myndi gera kvótamarkaðinn afar ógagnsæjan og hafa um leið spillandi áhrif á verðmyndun á uppboðsmarkaðinum.

Til er önnur fyrningarleið, *hlutfallsleg fyrning*, sem er mælt með í fyrrgreindri greinargerð. Þá miðast fyrningin við magn eða gildi aflahlutdeildarinnar eins og það er við upphaf hvers fiskveiðiárs. Með hlutfallslegri fyrningu eru því allar aflahlutdeildir einsleitar á hverjum tíma. Hvernær og hvernig þeir urðu upphaflega til skiptir engu máli.

Aðgæta verður að fyrningarhlutföllin í þessum tveimur aðferðum geta ekki verið þau sömu. Aftur á móti má finna samsvörun á milli þeirra með því að ákvarða þau hlutföll sem gefa sama núvirði. Verður þá að ganga út frá einhverri ávöxtunarkröfu en samsvörnin er ekki mjög viðkvæm fyrir vali á henni. Til að gera langa sögu stutta samsvarar 5% línuleg fyrning, eins og í þingsályktunartillögunni, til um 8% hlutfallslegrar fyrningar. Eftirfarandi mynd er til skýringar á þessu. Hún er sótt í margnefnda greinargerð.

Sumir sjá þann kost við línulega fyrningu að með henni séu veiðiheimildirnar tímabundnar. Fyrirsögn á þingsályktunartillögunni ber þetta með sér, en þar er „tímabinding“ sérstaklega dregin fram.

Hlutfallslegar fyrningar eru í eðli sínu ótímabundnar. Væri á einhverjum tímapunkti ákveðið að taka upp nýtt kerfinu og hætta að bjóða upp aflahlutdeildir myndu þær sem fyrir væru smám saman týna tölunni og verða að lokum að nær engu. Í upphafi hraðar við hlutfallslega fyrningu en línulega en síðan hægar. Eftir 20 ár væri línulega fyrnd aflahlutdeild horfin en við hlutfallslega fyrningu væri enn um 19% eftir. Við þessu mætti auðvitað sjá með því að hlutfallslega fyrnanlegum aflahlutdeildum fylgdi sú samningsbundna kvöð að þeim væri hvenær sem er hægt að segja upp í heilu lagi með 20 ára uppsagnarfresti. En kvöðin myndi leiða til lækkunar á því verði sem fengist fyrir aflahlutdeildirnar á uppboðunum. Kosturinn við að fyrna hlutfallslega – og það án slíkrar kvaðar – er einmitt sá að þá er allt kerfið fastara í sessi og ætti því að veita útgerðinni traustari grunn að byggja á. Í staðinn fengi eigandi auðlindarinnar, þjóðin, markaðsgjald fyrir afnotaréttinn. Allir ættu að geta verið sáttir!



Pórólfur Matthíasson:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl.

Verði þingsálytunin samþykkt er lagt fyrir ráðherra að leggja fram tillögu á breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem feli í sér að árlega verði boðinn upp 5% af tiltækum veiðiheimildum í makríl. Fyrirkomulaginu svipar á margan hátt til úthlutunar Póst- og fjarskiptastofnunar á fjarskiptatíðnum, en stofnunin bauð út tíðniheimildir til 5 eða 15 ára þann 22. maí 2017. Framkvæmd þess útboðs fól í sér að hver bjóðandi gat boðið í mörg tíðnisvið samtímis. Bjóðendur í veiðirétt myndu standa í mjög svipuðum sporum og fjarskiptafyrirtækin, ef farið yrði eftir forskrift þingsályktunartillögunnar. Við útboð á fjarskiptatíðnum var því svo fyrirkomið að þeir fjórir aðilar sem uppfylltu skilyrði Póst- og gátu lagt fram tilboð. Uppboðinu lauk þegar fjórar uppboðsumferðir höfðu liðið án þess að ný boð kæmu fram (sjá <https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2017/05/24/Uppbodi-PFS-a-tidniheimildum-fyrir-hahrada-farnet-lokid/>).

Minningarverðlaun Sænska seðlabankans um Alfred Nóbél verða veitt hagfræðingunum Paul R. Milgrom og Robert B. Wilson fyrir framlag sitt til aukins skilnings á virkni uppboðsaðfera og fyrir að endurbæta slíkar aðferðir þannig að þær auðveldi að ákvarða verð á vöru eða þjónustu sem erfitt er að gera með öðrum hætti (<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=80285>). Verðlaunaveitingin er til marks um aukið mikilvægi þessarar aðferðar við úthlutun takmarkaðra gæða. Verðlaunaveitingin er jafnframt til marks um að þekking fræðimanna og þeirra sem að uppboðum koma hefur aukist hröðum skrefum undanfarna 2-3 áratugi. Er þróun fræðikenningarinnar raktir í skýru máli í röksemdafærslu Nóbelsnefndarinnar (sjá <https://www.nobelprize.org/uploads/2020/09/popular-economicsciencesprize2020.pdf>). Nefndin bendir á að tekjur bandarísku fjarskiptastofnunarinnar af uppboðum á fjarskiptatíðnum hafi þegar numið um 120 milljörðum dollara og að á heimsvísu hafi slíkt uppboð skilað um 200 milljörðum í tekjur fyrir opinbera aðila (sjá <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=80285>). Jafnframt hafa útboðin stuðlað að því að tíðnisviðsréttindi hafi fallið þeim fjarskiptafyrirtækjum í skaut sem gætu gert mikil verðmæti úr þessum takmörkuðu réttindum.

Árin 2017 og 2018 voru gerðar tilraunir með uppboð á kvóta í Færeyjum. Uppboðunum er m.a. lýst í 3ja kafla doktorsritgerðar Sunnu Laksá (https://livrepository.liverpool.ac.uk/3054476/1/200824518_April2019.pdf). Gerðar voru tilraunir bæði með opin og lokuð uppboð. Opnu uppboðin fóru fram í heyranda hljóði þar sem uppboðshaldari auglýsti (lágt) upphafsverð og hækkaði verð uns umframeftirspurn var úr sögunni. Lokuðu uppboðin fóru þannig fram að hver þátttakandi gat lagt fram eins mörg tilboð og hann vildi. Tilboð voru síðan opnuð öll í einu. Í tilboðum skyldi tilgreint bæði verð og magn. Verðið ákvarðaðist með sama hætti og lagt er til í frumvarpi því sem til umfjöllunar er. Í fyrstu tilraununum gátu aðeins þeir sem þegar voru þátttakendur í viðkomandi veiðum tekið þátt í uppboðinu. Seinni tilraunir voru ekki háðar þeim takmörkunum, þó uppboðin væru takmörkuð við færeysk skip, lögaðila og einstaklinga. Í fyrstu lokuðu uppboðunum gat hver þátttakandi aðeins sent inn eitt tilboð. Í síðari uppboðum gátu þátttakendur ýmist sent inn 3 eða 5 aðskilin tilboð. Í öllum tilfellum greiddu þeir sem fengu kvóta sama verð fyrir kvótann óháð tilboðsverði sínu. Einn af köflum doktorsritgerðar Sönnu Laksá ber yfirskriftina: „How Uniform-Price Auctions Fail: Crank-

Handle Bidding“. Sanna lýsir því hvernig bjóðendum tókst að nýta sér uppboðsformið til að skiptast á upplýsingum (opnu uppboðin) eða setja upp tilboðs-samtök í lokuðu uppboðunum.

Sanna Laksá bendir á að hægt sé að komast hjá leikfléttum af hálfu bjóðenda af þessu tagi með því að hanna uppboðið rétt.

Reynsla Færeyinga og umfjöllun Sönnu Laksá, auk reynslunnar frá uppboði fjarskiptatíðnirása, bendir ótvírætt til mikilvægi þess að uppboð séu rétt hönnuð til þess m.a. að forðast tilboðssamtök af hálfu bjóðenda. Reynslan af uppboðum á fjarskiptatíðnirásum vítt og breytt um heiminn sýnir að þetta er vel gerlegt. Þessi umsagnaraðili mælir með því að ekki verði fest í lögunum með hvaða hætti útboð verði útfærð. Æskilegt væri að sett væri á fót ráðgjafanefnd reyntra erlendra uppboðs-fræðinga, bæði akademískra og sérfræðinga sem unnið hafa með fjarskiptastofnunum eða öðrum opinberum aðilum við hönnun og útfærslu tíðnisviðsuppboða. Þessir sérfræðingar þyrftu að fá visst svigrúm til að gera tilraunir með endurbætur á aðferðafræðinni með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem uppboð fiskveiðikvóta kunna að skapa með hagsmuni almennings í huga.

Reykjavík, 17.11.2020